Kjarvalsstaðir

Leirinn heillar

Guðný Magnúsdóttir: Ég hef alltaf verið meira fyrir skúlptúrana en nytjalistin er ekki síður mikilvæg

– Mér hefur alltaf fundist leirinn heillandi efni, segir Guðný Magnúsdóttir, sem um síðustu helgi opnaði sýningu á leirverkum, eða skúlptúrum úr leir, í vesturforsal Kjarvalsstaða. – Leirinn er ekki síður kjörinn til listsköpunar en mörg önnur efni, segir hún, – og það er skrítið hvað fólk á oft á tíðum erfitt með að viðurkenna hann sem slíkan.

– Ég lauk Myndlista- og handíðaskólanum árið 1974. Eftir það var ég með vinnuaðstöðu í vinnustofu Gests og Rúnu, auk þess sem ég starfaði með Langbrókum. Í byrjun ársins 1981 fór ég svo til Finnlands þar sem ég bjó og starfaði næstu fjögur árin. Þar sótti ég námskeið fyrir starfandi listamenn en var ekki í skóla, því mig langaði ekki til að vera eingöngu þiggjandi.

Fyrsta árið í Finnlandi var ég á vinnustofu Önnu Maríu Osipow, sem er þekkt finnsk leirlistakona. Það má kannski segja að ég hafi verið í eins konar læri hjá henni, ég vann með henni að hennar verkum og hafði mjög gott af því. Árið eftir komst ég svo að með finnskum listakonum á verkstæði á Sveaborg og rak það með þeim næstu þrjú árin. Norræna listamiðstöðin var þá einmitt að taka til starfa á Sveaborg þannig að á þessum tíma fór heilmikið að gerast í norrænu listalífi á þessum slóðum.

Ég tók á þessum tíma þátt í nokkuð mörgum sýningum með finnskum listamönnum, auk þess sem ég sýndi með Langbrókum. Þar að auki hélt ég tvær einkasýningar í Helsinki, 1982 og 84.

Ég hef alltaf verið meira inni á skúlptúrlínunni, þótt ég hafi gert töluvert af nytjahlutum í gegnum árin. Þótt það megi segja að skúlptúrinn sé æðra stig listar er nytjalistin ekki síður mikilvæg, því hún er hluti af listuppeldinu. Þeir sem alast upp með fallega og listræna hluti í kringum sig læra að meta slíkt og finnst óhugsandi að nota annað.



Guðný Magnúsdóttir: Þegar verkið kemur úr ofninum hefur það eignast eigið líf. Mynd: Kristinn.

Hugmynd okkar Langbróka var einmitt að stuðla að slíku listuppeldi. Við reyndum að koma þessari listiðnaðarbyltingu sem þá var í gangi á Norðurlöndum og víðar í Evrópu inn í íslenskt þjóðlíf, en komumst að því að hér á landi er fólk tilbúið að gefa meira fyrir erlenda fjöldaframleiðslu en innlendan listvarning. Okkar hefð í listiðnaði er heldur ekki eins löng og í nágrannalöndunum og fólk hér er þar að auki veikt fyrir því sem útlent er.

En ég er sammála finnskum hönnuði sem ég heyrði einhvern tíma segja eitthvað á þá leið að góð hönnun ætti að vera svo sjálfsögð og nauðsynleg að fólk fyndi til vanlíðunar þegar hana vantaði. Ég hef haft mjög gaman af að útfæra hugmynd sem tengist þessu, en hún er: Að gera skál að skúlptúr og skúlptúr að skál, – skil þess að njóta og nota eru oft óljós.

Ég hef unnið í önnur efni en leir, til að mynda vann ég eingöngu í tré og gifs á Sveaborg. Á þeim tíma langaði mig mikið til að breyta til og valdi gifsið aðallega vegna þess að þannig gat ég gert stærri verk. Nú hef ég hent þessum gifsverkum, en sú tilraun opnaði mér ný svið, ég fann möguleika á að nýta mér leirinn betur.

Leirinn er ekki síður sterkur og varanlegur en mörg önnur efni. Hann hefur fylgt mannkyninu frá örófi alda og það má lesa sögu þess að miklu leyti í gegnum hann. Í Persíu hafa til að mynda fundist mörg þúsund ára gömul hús, sem eru með uppistöðum og skreytingum úr leir.

Þótt það sé viss áskorun að vinna í önnur efni og ég hafi gaman af því gefur leirinn mér mjög margt. Það getur verið erfitt að vinna með hann því hann er mjög sjálfstæður og þegar verk er einu sinni orðið þurrt hefur maður enga möguleika á að breyta neinu. Sköpun hvers verks er heillangt ferli og það eignast sjálfstætt líf í höndunum á mér þannig að þegar það kemur úr ofninum hefur það eignast eigið líf. Þá þarf ég að kynnast því á nýjan leik. **LG**

Kjarvalsstaðir

Andstæður New Yorkborgar

Bragi Þ. Jósefsson:

Þema sýningarinnar er aðallega þessar hróplegu andstæður sem er að finna í New York

New York, New York, er nafn ljósmyndasýningar, sem Bragi Þ. Jósefsson opnaði í austurforsal Kjarvalsstaða síðastliðinn laugardag. – Ég tók þessar myndir á árunum 1984-89, segir Bragi, – flestar veturinn 1986-87, en þá bjó ég í New York. Hinar eru svo teknar í tveim eða þremur heimsóknum en þá var ég þar í nokkrar vikur í senn.

– Ég var í skóla norðar í fylkinu, en að námi loknu fór ég að vinna sem aðstoðarmaður í lausamennsku á ýmsum ljósmyndastofum í New York. Það hafði sitt að segja fyrir þessar myndir að fjárhagurinn var knappur og borgin dýr, svo það var oft á tíðum ekki völ á annarri dægradvöl en að ganga um með myndavélina.

– Það var ekki fyrr en ég var búinn að búa þarna einhvern tíma að ég fann að ég var kominn með ákveðið þema og fór að vinna samkvæmt því. Hinsvegar gat ég lítið skoðað þær myndir sem ég var með, ég framkallaði sumar filmurnar en aðrar ekki enda hafði ég enga aðstöðu til að vinna þær almennilega. Það var ekki fyrr en ég var aftur kominn hingað að ég gat farið yfir það sem ég var með, og fór síðan í hálfs mánaðar ferð til New York í fyrrahaust til að taka þær myndir sem mér fannst vanta.

– Þemað er aðallega þessar hróplegu andstæður sem er að finna í borginni. Annars vegar hverfi þar sem allt er óskaplega fínt og fágað og hins vegar hverfi, sem líta út eins og eftir loftárás og þar sem eymdin blasir við á hverju götuhorni. Ég tók reyndar fleiri myndir í verri hverfunum, þau voru áhugaverðari fyrir mig sem Íslending, ég hafði aldrei áður séð nokkuð þessu líkt og ég vandist því aldrei. **LG**



Bragi Þ. Jósefsson: Verri hverfin voru áhugaverðari því ég hafði aldrei áður séð nokkuð þessu líkt. Mynd: Jim Smart.

Afmælissýning í Slúnkaríki

Slúnkaríki á Ísafirði er fimm ára um þessar mundir og hefur gert sér þann dagamun að bjóða hollenska listmálaranum og skáldinu Jean-Paul Franssens að halda sýningu.

Franssens, sem er fæddur 1938, mun ungur hafa heillast af expressionískri myndlist. Þegar hann var um tvítugt fékk hann hinsvegar styrk til söngnáms og stefndi í óperusöng í hálft annað ár en sneri sér þá að óperuleikstjórn. Hann var óperuleikstjóri í V-Þýskalandi og Hollandi til ársins 1975, en hefur síðan helgað sig myndlist og ritstörfum.

Sýning Franssens stendur til 18. febrúar og er Slúnkaríki opið fimmtudaga til sunnudaga kl. 16-18.